

Vegagerðin, Norðaustursvæði
Helga Aðalgeirsdóttir,
verkefnisstjóri; landslagsarkitekt
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
31 MAI 2010 10.5.3	
Tilv.	_____




UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 31. maí 2010
Tilvísun: UST20100500122/bs

Vestfjarðavegur (60) Eiði-Þverá - kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 21. maí sl. þar sem Umhverfisstofnun er gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun telur að í matsáætlun ætti að gera grein fyrir hvort unnt sé að draga úr umfangi mannvirkja sérstaklega yfir Eiðið og fyrir Litlanes. Á þessum stöðum eru aðstæður með þeim hætti að varla er pláss fyrir veg með þeim beygjuradiusum sem gert er ráð fyrir. Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um hvort unnt sé að fella veginn betur að landfræðilegum aðstæðum með því að hanna þarna veg með minni beygjuradiusum. Umhverfisstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar veglagningar á ásýnd lands gætu orðið mikil. Undirlendi á svæðinu er lítið og sums staðar töluverður hliðarhalli og mjó nes milli fjarða. Hönnunarkröfur vegarins kalla á miklar skeringar og fyllingar, sem erfitt getur verið að fella vel að landslagi á svæðinu. Því telur Umhverfisstofnun að minnka ætti umfang fyrirhugaðs mannvirkis eins og kostur er.

Virðingarfyllt,


Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri